

2019

ÁRSSKÝRSLA



Inngangur

Í þessari ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) fyrir starfsárið 2018 – 2019 er fjallað um störf stjórnarinnar og getið helstu verkefna á milli aðalfunda þann 18. október 2018 og 25. október 2019.

Skipan stjórnar

Í stjórn á tímabilinu voru:

Aðalmenn: Jón G. Valgeirsson, formaður, Anton Kári Halldórsson, varaformaður, Ingibjörg Kjartansdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og Gísli Halldór Halldórsson.

Varamenn: Einar Bjarnason, Sigurður Einar Guðjónsson, Ágúst Sigurðsson, Helgi Sigurður Haraldsson og Álfheiður Eymarsdóttir.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórnin haldið 15 formlega fundi auk fjölda funda í minni hópum.

Verkefni stjórnar

Viðræður við Sorpu bs. og SSH .

Eftir síðasta aðalfund SOS héldu stjórn SOS og fulltrúar aðildarsveitarfélaga SOS áfram viðræðum við samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Sorpu bs. Ljóst var á þessum tímamarki að það var vægst sagt „þrútið loft og þungur sjór“ í þessum viðræðum varðandi þær óskir SOS að fá að urða áfram úrgang í Álfsnesi. Eftir að Sorpa lagði fram tillögu að móttökusamningi sem stjórn SOS þótti óaðgengilegur var boðað til kynningarfundar með aðildarsveitarfélögum SOS í lok ársins 2018 um þá stöðu sem komin var upp. Sveitarfélögin voru sammála um ekki væri hægt að ganga að kröfum Sorpu og síðan þegar beiðni SOS var hafnað um 6. mánaða móttökusamning til að gefa ráðrúm til að finna lausir á afsetningarmálum lokaði Sorpa fyrir móttöku á úrgangi þann 17. janúar s.l.

Viðbrögð vegna lokunar í Álfsnesi.

Ljóst var að þegar Sorpa lokaði á móttöku úrgangs frá SOS þá voru góð ráð dýr. Í þeirri vinnu nýttist vel sú vinna sem SOS hefur látið vinna á liðnum árum varðandi greiningarvinnu í úrgangsmálum og síðan tillögugerð varðandi lausnir á þeim.

Stjórn SOS og aðildarsveitarfélögin voru búin að eiga góð samtöl við hirðingarfyritækin, Íslenska gámafélagið (ÍGF) og Gámaþjónustuna. Í fyrstu gátu þau brugðist við með að nýta heimildir sínar að koma úrgangi í brennslu í Kólku þó sú lausn væri dýr.

Síðan náðust samningar við Sorpurðun Vesturlands hf og Norðurás bs. um takmarkaðar heimildir til móttöku á úrgangi í Fíflholti og Stekkjavík. Kunnum við vinum okkar fyrir vestan og norðan hinar bestur þakkir fyrir drengileg viðbrögð.

Þá höfðu gámafélögin verið í vinnu við að kanna með útflutning á almennum úrgangi og reyndar hafði SOS einnig kannað slík mál sjálfstætt á sínum tíma. ÍGF hóf tilraunaútflutning í júlí s.l. og reiknað er með að útflutningur hjá þeim verði kominn á fulla ferð nú í október. Einstök sveitarfélög hafa verið að gera samninga við ÍGF um útflutninginn en SOS er einnig að skoða hvort SOS geti verið samnefnari sveitarfélaganna varðandi útflutninginn.

Einnig hjálpaði til að þau aðildarsveitarfélög SOS sem ekki höfðu tekið upp sérsöfnun á lífrænum úrgangi hafa nú öll tekið upp slíka söfnun þannig að nú er lífrænum úrgangi safnað við öll heimili og stofnanir sveitarfélaganna.

Þá fundaði stjórn SOS með Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra út af þeirri stöðu sem komin var upp og reynt að fá þessar stofnanir til að vinna að lausnum til að hægt væri að bregðast við þessum aðstæðum.

Ljóst er samt að þessi mál öll hafa valdið auknum kostnaði við málaflokkinn hjá sveitarfélögunum, bæði vegna sorphirðu og ekki síst vegna aukins kostnaðar við afsetningu á úrgangi.

Úrvinnsla á tillögum í úrgangsmálum á starfssvæði SOS

Stjórn SOS endurnýjaði samning við Stefán Gíslason umhverfisstjórnarfræðing hjá UMÍS ehf Environce um að vinna að ákveðnum verkefnum tengdum tillögum í úrgangsmálum en hann hefur verið ráðgjafi SOS síðustu ár. Eins og áður hefur komið fram þá hefur sú vinna nýst vel við núverandi aðstæður og fyrir utan að vinna að ákveðnum tillögum í málaflokknum þá hefur Stefán verið tengiliður við urðunarstaðina og opinberra aðila á þeirri vinnu.

Þó mikil orka hafi farið í að slökkva elda þá hefur fókusinn ekki tapast á nauðsyn þess að finna lausnir á úrgangsmálum á Suðurlandi og hefur Stefán verið verkefnisstjóri vegna þeirrar vinnu stjórnar. Þar má t.d. nefna upplýsingagjöf til Landsambands sumarhúsafélaga, vinnu við samræmdar úrgangssamþykktir, vinna við að koma upp brennsluúrræði vegna dýrahæja m.t.t starfsseminnar á Strönd. Þá hefur hann unnið að samantekt upplýsinga um úrgangsmagn á svæðinu og síðan komið að vinnu við að greina og leita að urðunarstað á Suðurlandi. Á aðalfundinum mun Stefán gera grein fyrir þeim verkefnum sem hann hefur komið að frá síðasta aðalfundi

Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi og samráð samlaganna.

Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi hafa haldið þrjá fundi á tímabilinu sem fulltrúar SOS hafa setið. Vinna við endurskoðun á Svæðisáætlun fyrir Suðvesturland

2009-2020 er í fullri vinnslu og er það verkfræðistofan Mannvit sem heldur utan um verkefnið. Stefnt er að þeirri vinnu ljúki á árinu 2019 en óvíst hvort það takist.

Það hefur ekki orðið að frekari sameiningu sorpssamlaganna en hins vegar hafa nýjar áherslur ríkisins haft áhrif á vinnuna. Nú liggja fyrir drög að úrgangsstefnu sem umhverfisráðherra sem hefur verið með í umsagnarferli og síðan liggur fyrir frumvarp á Alþingi um urðunarskatt. Fulltrúar stjórnar sorpsamlaganna funduðu með umhverfisráðherra út af þessu máli en ekki er ljóst hvernig þau mál þróast og ljóst að skiptar skoðanir eru um málið.

Pá var boðað til fundar með öllum framkvæmdastjórum aðildarsveitarfélaga sorpsamlaganna fjögurra til að fara yfir úrgangsmálin og tengja málaflokkinn við sveitarfélögin.

Stjórn SOS hefur lýst yfir eindregnum vilja til áframhaldandi samstarfs um að leita lausna í sorpmálum sveitarfélaganna til framtíðar og vinnum við áfram í þeim anda.

Leit að urðunarstað á Suðurlandi.

Eftir að ljóst varð að Sveitarfélagið Ölfus taldi ekki réttlætanlegt að skoða möguleika Nessands sem urðunarstaðs fór SOS í áframhaldandi greiningarvinnu með að skoða möguleika á urðunarstað á Suðurlandi.

Auglýst var eftir áhugasömum aðilum varðandi land undir urðunarstað og lýstu fjórir aðilar yfir áhuga á málinu. Stjórn SOS fékk verkfræðistofuna EFLU og Stefán Gíslason ráðgjafa til að halda utan um þessa greiningarvinnu og var gerð greining á 8 stöðum í þessu skyni en að hluta var þetta úrvinnsla úr gömlum gögnum. Þegar búið var að greina kosti og galla svæðanna, var það niðurstaðan að svæðin í Kirkjuferjuháleigu, Strönd og Skógarsandi skorðu hæst og vert væri að skoða þau nánar.

Nú liggjafyrir fyrstu drög að greiningu á möguleikum þessara svæða fyrir efnislosun, vinnslu eða geymslu á úrgangi sem gæti átt sér stað á hverju svæði auk þess sem öðrum stöðum á svæðinu sem meðhöndla úrgang eru gerð skil. Á aðalfundinum verður gert grein fyrir þessari vinnu og fyrstu niðurstöðum hennar.

Frágangur urðunarsvæðis í Kirkjuferjuháleigu

Í gildi er samningur við EFLU um mælingar og vöktun í Kirkjuferjuháleigu þannig að opinberum kröfum Umhverfisstofnunar vegna lokunarinnar sé sinnt. Hafa mælingar sýnt fram á að mengun frá svæðinu er innan marka. Frágangsframkvæmdum er lokið gagnvart aðliggjandi landeiganda og lítur svæðið almennt mjög vel út og gróður hefur tekið vel við sér.

SOS hefur viðhaldið starfsleyfi svæðisins en áfram er óvissa um það hvernig landsvæðið verður nýtt, en áhugi er á að það nýtist í einhverjum mæli í tengslum við úrgangsmál.

Orkugerðin ehf.

SOS á 34,1% hlut í kjötmjölsverksmiðju Orkugerðarinnar á móti sláturleyfishöfum og hefur reksturinn á liðnu starfsári gengið vel. Verksmiðjan gegnir lykilhlutverki í

meðhöndlun á ákveðnum tegundum af sláturhúsúrgangi. Batnandi rekstur hefur gert það kleift að hægt var að fara í nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir, bæði á húsnæði og búnaði. Þá lítur út fyrir að hægt sé að finna farveg fyrir sölu á fitu frá verksmiðjunni, sem er mjög spennandi verkefni og styður enn frekar undir reksturinn. Þá mun verksmiðjan leika lykilhlutverk ef áformað verða að banna urðun á lífrænum úrgangi og reyndar einnig ef urðunarskattar verða teknir upp.

Samningar SOS og SASS

Samningar voru endurnýjaðir við SASS um að vinna að ákveðnum verkefnum sem SOS þarf að halda utan um. Það samstarf hefur gengið vel og ljóst að á meðan starfssemi SOS er með þeim hætti sem hún er í dag er slík vinna fyrir SOS nauðsynleg. Hefur þetta hjálpað stjórn SOS mikið í sinni vinnu en mikið álag hefur verið á stjórn SOS á tímabilinu vegna mjög svo viðamikilla verkefna sem upp hafa komið.

Lokaorð

Ljóst er að úrgangsmálin eru að verða sífellt fyrirferðarmeiri hjá sveitarfélögunum og aðgerða er þörf til standa sig gagnvart umhverfinu, loftslagsmálum og einnig kostnaði við málaflokkinn. SOS hefur verið duglegt að fjárfesta til framtíðar til að leita lausna og einnig til að bregðast við aðkallandi aðstæðum og ber ársreikningur félagsins þess merki. Verkefnið hleypur ekki frá okkur og þó að úrgangsmagn virðist í bili vera búið að ná ákveðnum stöðugleika þá gerir kostnaðurinn það ekki.

Næsta stóra verkefni er að koma flokkunarskyldu á fyrirtæki, frístundahúsaeigendur og ferðamenn og hafa úræði til að ná árangri hjá þessum hópi, því heimilin og stofnanir sveitarfélaganna eru í mun betri málum. Í þessu skyni skiptir miklu máli að vinna verkefnið með þessum aðilum en ekki á móti, enda orðin heldur betur hugarfarsbreyting í málaflokknum. Í þessu skyni hefur stjórn SOS fundað með Atorku, félagi atvinnurekanda á Suðurlandi, Landsambandi sumarhúsaeiganda, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, umhverfisráðherra, Umhverfisstofun, einkafyrirtækjum o.fl. til að ná þessu samtali.

SOS hefur einnig tengst áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands „Umhverfis Suðurland“ og hefur einmitt núna komið á koppinn kynningarátaki varðandi flokkun á lífrænum úrgangi. Þá verður einnig spennandi að vinna með SASS að móta úrgangsstefnu fyrir Suðurland. Þá liggur einnig fyrir tillaga um að SOS taki þátt í með Sorpstöð Rangæinga að koma upp brennsluúrræði fyrir dýrahæ á Strönd en sá úrgangsflokkur er stærsta vandamálið sem svæðið glímir við. Ljóst er að verkefnið þarf að fara í umhverfismat og er kostnaðarsamt.

Á næstu misserum kemur betur í ljós hvernig gengur að flytja út almennan úrgang til orkuendurvinnslu og ef vel tekst til verður vinna SOS fordæmisgefandi fyrir þessa útfærslu þó hún leysi ekki allan vanda og komi ekki í veg fyrir að við verðum að vera með plan B.

Staðan er því sú að nýrrar stjórnar bíða spennandi verkefni sem þarf að finna lausnir á.